Gátlisti

# Sjókvíaeldi – Ítareftirlit í sjóneftirliti

## Ítareftirlit

Skv. 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum. Í lögunum stendur að *„eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.“ „Til að Matvælastofnun geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi mánaðarlega gefa Matvælastofnun skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar af slátruðum fiski, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski mældar í lífmassa, uppruna fisks, sjúkdóma, sníkjudýr og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Matvælastofnun er heimilt að kalla eftir frekari gögnum en hér greinir þegar tilefni er til.“*

## Eftirlitsatriði

**Rekstrarleyfi**

- Eru tegundir í eldi í samræmi við leyfi?

**Dagbókarfærslur**

- Skoða hvernig dagleg störf eru skráð í kerfið.
  - Hitamælingar.
  - Súrefnismælingar.
  - Fjöldi sveimara og dauðra sem eru veiddir upp úr kvíum.

**Bátar og flutningstæki**

- Allir bátar sem notaðir eru við sjókvíaeldisstöðvar eiga að vera útbúnir með hlíf fyrir skrúfu.
- Búnaður sem nýttur er í umhirðu á sjókvíaeldi.
  - Fer búnaður á milli eldissvæða?
  - Er hann sótthreinsaður á milli eldissvæða?
  - Ef fiskur er veiklaður, er búnaður þá sótthreinsaður á milli kvía?
  - Eru öll tæki sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum hönnuð þannig að auðvelt sé að þrífa þau og sótthreinsa?

**Dauðfiskur**

- Allur dauðfiskur fjarlægður daglega úr eldiseiningu (þegar veður leyfir)
  - Er fjöldi og þyngd dauðfiska skráð?
  - Hvernig er verklagið við talningu og vigtun þegar um mikið magn er að ræða?
  - Eru svæfilyf um borð?
  - Er notaður handháfur eða hafa starfsmenn aðgang að stærri búnaði til að fanga sveimara/dauða?
  - Hvernig er brugðist við ef fjöldi sveimara og dauðfiska er umfram það sem ná má upp á einum degi með handháf
  - Hvað er gert við mikið magn af dauðfisk?
    - Hvernig er lítur planið út þegar mikið magn af dauðfiski kemur upp?
    - Hvernig á að standa að því að fjarlægja mjög miklu magni af dauðfiski upp úr eldiskví?

**Eldisbúnaður**

- Allur búnaður á eldissvæðum í áreiðanlegu tæknilegu ástandi, t.d.:
  - Floteiningar
  - Netpoki fyrir neðan hoppnet
  - Hoppnet, ekki of lág
  - Festingar við flothring
  - Fuglanet
  - Dauðfiskaháfur/Lift-Up
  - Fóðrari
  - Myndavélar
- Er ástand á búnaði almennt gott?
- Eru nótapokar hreinir?
- Er mikill straumur á eldissvæði og því tog á nótapoka?
- Spyrja hvort það sé algengt að göt komi á nætur og þá hverjar ástæður þess séu?

**Eldissvæði**

- Allur búnaður sjókvíaeldisstöðva (kvíar, festingar, prammar o.fl.) er innan tilgreinds ræktunarsvæðis (hnita) í rekstrarleyfi
- Er stöðvaskírteini gilt?
- Er eldisstöð í samræmi við stöðvarskírteini?
  - Er fjöldi eldiskvía á svæði í samræmi við það sem fram kemur í stöðvarskírteini?
  - Skoða hvernig eldissvæði á að vera uppbyggt og bera saman við það sem sést á eldissvæði..

**Merkingar sjókvíaeldisstöðva – kvíar vel sjáanlegar sjófarendum**

- Gult merki og gult endurskinsmerki við jaðar sjókvíaeldisstöðvar
- Gult ljós við jaðar sjókvíaeldisstöðvar eða með lýsingu frá eldiskvíum og fleka
- Radarspegill við jaðar sjókvíaeldisstöðvar
- Flot sem notuð eru til merkingar skulu vera gul á litinn
- Óbein lýsing eða önnur lýsing við eða á sjókvíaeldisstöð má ekki blinda sjófarendur
  - Með jaðri sjókvíaeldisstöðvar er átt við stað þar sem tóg frá ankerum eru fest eða sem á einhvern annan hátt markar jaðar stöðvarinnar

**Viðbragðsáætlun vegna stroks**

- Er viðbragðsáætlun vegna stroks til staðar um borð?
- Kemur fram í viðbragðsáætlun að tilkynna skuli Fiskistofu og Matvælastofnun um atburðinn?
- Kemur fram að hefja skuli veiðar án tafa?
- Er viðbragðsáætlunin á tungumáli sem allir starfsmenn skilja?
- Koma fram leiðbeiningar um:
  - Hvernig hindra skal áframhaldandi strok?
  - Hvernig tilkynna skal um strok?
  - Hvernig endurheimta skal fisk sem strýkur?

**Búnaður til að endurheimta fisk**

- Allar fiskeldisstöðvar skulu eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði
  - Eru net í öllum prömmum eða um borð í bátunum?
  - Eru möskvar neta í samræmi við stærð fiska í sjónum?
  - Eru netin í ásættalegu ástandi?
  - Kunna starfsmenn að nota netin?

**Viðbragðsáætlanir**

- Eru viðbragðsáætlanir aðgengilegar um borð í bátnum?
- Óska eftir að fá að sjá viðbragðsáætlanir vegna:
  - Massadauða
  - Fárviðri og ísingu á búnaði
  - Afræningja
- Eru viðbragðsáætlanir á tungumáli sem allir starfsmenn á starfsstöð skilja?

**Innra eftirlit**

- Hvernig eru skráningar á frávikum og atvikum sem verða í eldinu?
- Hvernig er tekið á þeim frávikum sem verða í starfseminni, hvernig er frávikaskráningu háttað
- Er úrbótum fylgt eftir og þeim lokað?
- Er samræmi á milli vakta?
  - Hvernig eru hlutirnir gerðir á hinni vaktinni?
  - Hvernig er sambandið á milli vakta